

Mál nr. 306/2024

Nafn málskotsaðila (M)

Nöfn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Miskabætur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 14. ágúst 2024 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 29. ágúst 2024.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 30. ágúst 2024.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 2. september 2024.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að hinn 8. nóvember 2023 hafi M orðið fyrir líkamstjóni við árekstur og sé hún enn að kljást við afleiðingar hans. Atvik hafi verið þau að bifreiðinni A hafi verið ekið yfir á rangan vegarhelming og í veg fyrir B en M var ökumaður hennar. Í beinu framhaldi hafi bifreiðinni C verið ekið aftan á B. Ágreiningslaust virðist að A beri sök á umræddum árekstri. Er þess krafist fyrir nefndinni að úrskurðað verði um bótaskyldu á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 enda hafi ökumaður A valdið líkamstjóni M af stórfelldu gáleysi. Stórkostlegt gáleysi hans hafi falist í því að hafa án fyrirvara ekið bifreið sinni yfir á öfugan vegarhelming gegn umferð úr gagnstæðri átt. Um fjölfarinn veg hafi verið að ræða þar sem búast megi við töluverðri umferð vegfarenda og því mikil hætta á tjóni af völdum fyrrgreindrar háttsemi. Hafi háttsemi A falið í sér verulegt frávik frá þeirri háttsemi sem honum bar að viðhafa og falið í sér brot gegn 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 18. gr., 23. gr., 24. gr. og 2. mgr. 28. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. Af tjóni á bifreiðunum megi þá einnig draga þá ályktun að A hafi verið ekið yfir löglegum hámarkshraða og hafi það falið í sér brot gegn 36. gr. umferðarlaga. Er þá vísað til fordæma Hæstaréttar í málum 50/2004 og 502/2016 til stuðnings framangreindu. Framburð A fyrir lögreglu megi túlka sem svo að aðeins hafi verið um augnabliksathugunarleysi að ræða. Verði að skoða framburð A í ljósi hagsmuna hans af úrlausn málsins og hafi hann því ekkert sönnunargildi.

Í bréfi V til nefndarinnar kemur fram að V hafi ekki tekið afstöðu til kröfu M á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga en það verði gert þegar matsgerð liggir fyrir en hennar sé að vænta á næstunni. Hafi kröfu M því ekki verið hafnað. Auk þess skorti á nauðsynleg gögn svo V geti tekið afstöðu en nauðsynlegt sé að matsgerð liggir fyrir. Vísar V í því samhengi til ummæla í greinargerð með lögum nr. 37/1999 um breytingu á skaðabótalögum en þar segi m.a. að við mat á fjárhæð bóta skuli horfa til atvika hvers máls og sérstaklega til umfangs tjóns og sakar tjónvalds. Geri V því kröfu um að máli þessu verði, á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykkt nefndarinnar, vísað frá.

Í viðbótarathugasemdum M er afstöðu V mótmælt. Gögn um umfang tjóns séu þannig ekki skilyrði fyrir því að mögulegt sé að taka afstöðu til kröfunnar. Ekki sé farið fram á að nefndin úrskurði um fjárhæð miskabóta heldur aðeins að bótaréttur M sé viðurkenndur. Bótaréttur á grundvelli ákvæðisins sé þá ekki háður því að sýnt sé fram á umfang líkamstjóns heldur þurfi M aðeins að sýna fram á að því hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi.

Í viðbótarathugasemdum V er ítrekað að félagið telji ekki liggja fyrir fullnægjandi forsendur svo unnt sé að taka afstöðu þar sem umfang tjóns sé eitt þeirra atriða sem þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til bótaréttar á grundvelli ákvæðisins. Er þá vísað til þess að 26. gr. skaðabótalaga feli í sér undantekningarákvæði sem beri að skýra þröngt og aðeins sé um heimildarákvæði að ræða. Ekki sé til staðar sjálfkrafa lögvarinn réttur til bótagreiðslna á grundvelli ákvæðisins jafnvel þó tjóni hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi heldur þurfi heildstætt mat, m.a. á umfangi tjóns, að eiga sér stað.

Álit.

Eins og að framan er rakið byggir V á því að ekki sé unnt að taka afstöðu til bótakröfu fyrr en matsgerð liggur fyrir. Beri því, á grundvelli 2. mgr. 4. gr. samþykkt nefndarinnar, að vísa máli þessu frá. Í athugasemdum með frumvarpi til laga um breytingu á skaðabótalögum nr. 37/1999 segir að miskabætur á grundvelli ákvæðisins geti komið til viðbótar bótum fyrir tímabundið ófjárhagslegt tjón og/eða bótum fyrir varanlegan miska. Um fjárhæðir bóta segir svo: *Lögð er áhersla á að fjárhæðir*

bóta samkvæmt greininni eiga að ákvarðast samkvæmt því sem sanngjarnt þykir hverju sinni. Hafa skal m.a. í huga umfang tjóns, sök tjónvalds og fjárhagsstöðu hans. Verður samkvæmt þessu að telja ljóst að gögn um umfang tjóns þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að ákvarða bótafjárhæð. Krafa M er hins vegar ekki sett fram sem krafa um tiltekna bótafjárhæð heldur krafa um viðurkenningu á rétti til bóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Getur nefndin ekki fallist á að matsgerð þurfi að liggja fyrir svo unnt sé að taka afstöðu til þeirrar kröfu sem slíkrar og verður slíkri afstöðu ekki fundin stoð í lögskýringargögnum svo sem V byggir á. Kemur frávisun af þeim sökum því ekki til álita.

Svo miskabótakrafa M, skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, komi til álita þarf hún að sýna fram á að X hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem leitt hafi til líkamstjóns hennar. Þarf háttsemi ökumanns A því að hafa falið í sér verulegt frávik frá því sem eðlilegt má telja. Af gögnum málsins er ljóst að áreksturinn má rekja til þess að A fór yfir á öfugan vegarhelming en það eitt og sér felur ekki í sér stórkostlegt gáleysi. Í fyrirliggjandi lögregluskýrslu um atvikið dags. 14. nóvember 2023, er haft eftir A að hann hafi ekið á um 40 kílómetra hraða þegar hann hafi hnerað og því næst „rankað við sér við áreksturinn“. Eftir ökumanni C er haft að A hafi farið yfir á öfugan vegarhelming og hafnað á B. Eftir M er haft að hún hafi ekið á um 45 til 50 kílómetra hraða og ekki vitað fyrr en allt í einu að bifreiðin á móti, þ.e. A, hafi ekið framan á hana. Í sama streng tók farþegi í B. Ekkert liggur fyrir um að aksturshraði A hafi verið óeðlilegur miðað við aðstæður eða yfir löglegum hámarkshraða á vettvangi. Þá liggur fyrir að A var ekki undir áhrifum áfengis við aksturinn. Verður jafnframt að telja frásögn ökumanns A um að hnerri hafi valdið því að honum hlekkist á við aksturinn og sveigði yfir á öfugan vegarhelming trúverðuga. Er hún þá ekki í ósamræmi við þann framburð M og C að A hafi mjög skyndilega farið yfir á öfugan vegarhelming. Er samkvæmt framansögðu ekki sýnt fram á að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn og verður því að hafna kröfu M um miskabætur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, úr ábyrgðartryggingu A, hjá V.

Reykjavík, 1. október 2024.
rafræn undirskrift

Þóra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir